



# Fréttabréf Brekkuskóla

23. desember 2013  
4. töl. skólaárið 2013- 2014  
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

## Ágæta skólasamfélag.

Um leið og við óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegrar hátíðar framundan viljum við þakka ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að líða.

Árshátíðin í nóvember gekk vel þar sem fjölbreytt og skemmtileg dagskrá nemenda fór fram bæði á sal og í stofum. Kaffihlaðborðið svignaði undan kræsingum og erum við þakklát fyrir það góða foreldrasamfélag sem við eigum.

Foreldranámskeið 1 - 5 - 8 sem fram fóru í októbermánuði gáfu okkur hér í skólanum byr undir báða vængi í samstarfi heimila og skóla. Námskeiðin eru meðal annars liður í forvarnarstarfi gegn einelti. Námskeiðin gáfu okkur vissu um það traust sem þarf til að skólinn geti tekist á við það meginhlutverk sitt að mennta nemendur. Við lögðum áherslu á það í nóvember að skoða hvernig eitt af gildum skólans "menntun" tengist margvíslegum verkefnum. Það átti ekki eingöngu við verkefni sem við eigum að venjast í bókum, heldur einnig í skapvíslegum verkefnum. Það átti ekki eingöngu við tjáningu, sjálfstæði, samvinnu og ábyrgð. Allt þetta endurspegladist ekki hvað síst í vinnu við undirbúning árshátíðar. Í desember var það síðan "gleðin" sem við höfðum að leiðarljósi í leik og starfi. Í janúar á nýju ári ætlum við að vekja okkur enn sterkar til umhugsunar um umhyggju sem einnig er eitt af okkar megingildum. Okkar sýn á umhyggju er "að skólinn sé samfélag þar sem allir standa saman og sýna umhyggju í orðum og verki. Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað" (Skólastefna Brekkuskóla).

Undanfarna mánuði hafa kennarar ígrundað siðareglur kennara. Verkefnið er lagt upp með spurningum frá Kennarasambandi Íslands og er unnið af kennurum í hópavinnu. Niðurstöðum söfnum við saman og höfum til hlíðsjónar við frekari uppbyggingu á innra starfi skólans.

Við hefjum nýtt ár að þessu sinni með kennslu samkvæmt stundaskrá og færur samtalsdagana nú fram í febrúarmánuði. Vetrarleyfi verður síðan í byrjun marsmánaðar samkvæmt skóladagatali og tengist það óskudegi samkvæmt venju.

Námsmat nemenda má finna í "verkefnabók" hvers nemenda á Mentor og í 4. og 5. bekk hafa kennarar verið að spreyta sig í að setja mat í íslensku inn í "námsframvindu" sem einnig er í Mentor. Í framtíðinni mun námsframvindukerfið taka við af verkefnabókunum, en á næstu misserum verðum við með þessi tvö kerfi í gangi á meðan skólasamfélagið er að aðlagga sig breytingum sem Ný Aðalnámskrá kallar á. Samkvæmt nýrri námskrá og hugmyndum um lærdómssamfélag er námsmat í grunnskólum að taka á sig nýja mynd. Kennurum er ætlað að fara að gefa í bókstofunum A, B, C, og D í stað talna. Til að framkvæma það fá skólar tveggja ára aðlögun. Námsmat er að breytast úr því að vera eitthvað sem við framkvæmum sjaldan til þess að vera leiðbeinandi mat sem við leggjum fram jafnóðum og kennari verður þess áskynja að nám hafi farið fram í ákveðnum þáttum og að nemendur hafi náð markmiðum sínum. Lögð verður ríkari áhersla á að nýta metið til að finna nemendur sem þurfa á sérstökum námslegum stuðningi að halda. Stefnt er að því að námsmatið verði meira upplýsandi fyrir nemendur og foreldra og verði gegnsætt og hvetjandi. Fáir afmarkaðir þættir verða metnir oftar en áður og mat verður ekki framkvæmt af einum kennara heldur munu fleiri kennarar koma að metinu. Til að það sé framkvæmanlegt þurfa kennarar að gera sér sameiginleg viðmið um árangur. Það er verkefni sem liggur fyrir okkur hér í skólanum núna og er unnið í samstarfi við aðra skóla á Akureyri. Stefnt er að því að notaðar verði fjölbreyttar námsmatsaðferðir og að ekki verði eingöngu stuðst við próf. Áherslan í námsmati framtíðarinnar mun vera á að nemandinn nái markmiðum sínum og tileinki sér ákveðna hæfni í öllum grunnþáttum náms.

Við erum þegar farin að tileinka okkur á ýmsum sviðum vinnubrögð af því tagi sem Aðalnámskráin kallar á. Nú í janúar er ætlunin að setja fyrstu námsgreinarinnar inn í námsframvindukerfi Mentor. Það tekur skólasamfélagið vafalaust einhvern tíma að venjast nýjum vinnubrögðum en þá er bara að anda inn um nefið og gefa sér tíma til að átta sig á breytingunum. Það sem skiptir mestu máli er að nemendur nái árangri og að hér skapist samfélag sem gengur út á að fara vel með tímann sinn í náminu. Það eiga allir nemendur að geta náð markmiðum sínum.

Megi nýja árið taka á móti ykkur með bros á vör og sólf í hjarta.  
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

## Litlu jólin



Giljagaur leit við



"Upp á hól stend ég og kanna..." -  
Giljagaur -



"Gleði"  
Sigurbjörg, Hrafnhildur og Freydis

**Brekkuskóli**  
v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Created with

nitroPDF professional

download the free trial online at [nitropdf.com/professional](http://nitropdf.com/professional)

## Janúar 2014

5.	6. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, salat og ávextir  Prettándinn	7. Buff, kartöflumús, grænmeti og ávextir	8. Soðinn fiskur, grænmeti, og ávextir	9. Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	10. Skr, brauð, álegg, salat og ávextir	11.
12.	13. Fiskur í raspi, kartöflur, sósa, salat og ávextir	14. Kjötbollur, kartöflur, grænmeti og ávextir	15. Ofnbökuð ýsa, kartöflur, salat og ávextir	16. Lambapottrettur, kartöflumús, grænmeti og ávextir	17. Pastaréttur, brauð, salat og ávextir	18.
19.	20. Ofnbakaður fiskur, kartöflur sósa, salat og ávextir	21. Soðið slátur, kartöflur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	22. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	23. Lasagne, brauð, salat og ávextir	24. Grjónagrautur, slátur, salati og ávextir  <b>Morgunmóttaka hjá 2. bekk</b>	25.
26.	27. Kjöthleifur, kartöflur, grænar baunir, rauðkál og ávextir	28. Silungur og ýsuréttur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	29. Kjöt í karrý, hrísgrjón, salat og ávextir	30. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	31. Kraftsúpa, brauð, salat og ávextir	1. feb



Svipmyndir frá árshátíð í Brekkuskóla sem haldin var 28. nóvember 2013.

**Menntun**

**Gleði**

**Umhyggja**

Created with

**nitroPDF** professional

download the free trial online at [nitropdf.com/professional](http://nitropdf.com/professional)

## Niðurstöður foreldra á 1 - 5 - 8 námskeiðum í Brekkuskóla

Á foreldranámskeiðum 1 - 5 - 8 sem haldin voru fyrir foreldra í 1., 5. og 8. árgangi í október sl. greindu þeir **hlutverk skólans** annars vegar og **hlutverk foreldra** hins vegar. Námskeiðin eru liður í "Uppbyggilegum Olweusi" þar sem tvinnað er saman fræðslu í agastjórnunarstefnu skólans og áætlun gegn einelti. Niðurstöður foreldra hafa verið teknar saman og eru sem hér segir:

### 1. árgangur

Hlutverk heimila er	Hlutverk skóla er
Að bera frumábyrgð á uppeldi barna Að veita stuðning og öryggi Að koma börnum glöðum og vel undirbúnum í skóla Að sýna áhuga á námi og skólastarfi Að hvetja til þátttöku í félagsstarfi og efla vináttu Að láta skóla vita ef grunur vaknar um einelti Að virða börnin Að hlusta á börnin Að tala jákvætt um skólann og skólastarfið Að veita nauðsynlegar upplýsingar Að vera vakandi yfir skólagöngunni og vera í samskiptum við kennara og foreldrahópinn Að sjá til þess að barn mæti á réttum tíma Að láta vita ef barni líður ekki vel í skólanum Að vera góð fyrirmynd og setja mörk	Að mennta barn og búa það undir frekara nám Að bjóða upp á áhugavert einstaklingsmiðað nám Að skapa þægilegt andrúmsloft og halda aga Að leiðbeina og leysa úr ágreiningi Að stuðla að líkamlegu hreysti og vellíðan Að veita öryggi Að upplýsa foreldra Að taka á eineltismálum um leið og grunur vaknar Að vera góð fyrirmynd Að kenna samkvæmt Aðalnámsskrá Að styðja við sköpun Að vera jákvæður Að vera leiðbeinandi í uppeldi

Hlutverk heimila er ekki	Hlutverk skóla er ekki
Að skapa þvingandi aðstæður í kringum barnið Að íþyngja barni með "fullorðins" málum Að gagnrýna kennara og skólann Að gagnrýna barnið, né önnur börn Að brjóta niður barnið Að hundsanda vandamál Að koma sér undan ábyrgð	Að horfa fram hjá ágreiningi Að bera frumábyrgð á uppeldi barna Að gagnrýna börn Að leggja börn í einelti Að mismuna Að hundsanda vandamál



Menntun

28/11/2013

Menntun

Gleði

Umhyggja

Created with

 nitroPDF professional

download the free trial online at [nitropdf.com/professional](http://nitropdf.com/professional)

## Frh. Niðurstöður 1 - 5 - 8

## 5. árgangur

Hlutverk heimila er	Hlutverk skóla er
Að veita öryggi: fæða, klæða, hvíld og hreyfing Að veita ást, umhyggju og hlýju Að vera góð fyrirmynd Að leiðbeina Að fræða Að setja mörk Að hvetja til ábyrgðar Að sýna jákvætt viðhorf gagnvart skóla/kennara Að veita heilbriggt lífferni Að veita jákvæða samveru Að kenna umburðarlyndi Að beita jákvæðri gagnrýni Að kenna stundvísi Að hlusta á börnin Að veita frelsi í réttu hlutfalli við aðhald og öryggi Að gefa sér tíma	Að veita öryggi Að mennta og leiðbeina Að skapa metnað og innræta ábyrgð Að skapa jákvætt umhverfi Að halda trúnað Að stuðla að heilbrigðu lífferni (holtt fæði, hreyfing) Að eiga góð samskipti við heimili Að mæta ólíkum þörfum Að efla og þjálfa félagsfærni Að halda jákvæðum aga Að gera kröfur Að styðja við uppeldi Að sporna við einelti Að skipuleggja og stýra skólastarfi Að fylgjast með rannsóknum og þróun Að fylgjast með líðan nemenahópa og einstaklinga

Hlutverk heimila er ekki	Hlutverk skóla er ekki
Að beita ofbeldi Að misnota umbun Að vanrækja Að smita óánægju gagnvart skóla yfir á börnin Að tala illa um skólann og starfsfólk hans Að grafa undan skólastarfinu Að stýra skólastarfi Að beita neikvæðri gagnrýni	Að mismuna Að niðurlægja Að bera ábyrgð á uppeldi Að brjóta trúnað gagnvart nemanda/heimili Að beita neikvæðum aga Að tala niður til foreldra Að setja sig í valdastöðu gagnvart heimilum Að refsa Að viðhafa neikvæða gagnrýni



Þegar Bakkabræður rugluðu saman fótunum í lauginni...

Menntun

Gleði

Umhyggja

Created with

nitroPDF professional

download the free trial online at [nitropdf.com/professional](http://nitropdf.com/professional)

## Frh. Niðurstöður 1 - 5 - 8

## 8. árgangur

Hlutverk heimila er	Hlutverk skóla er
<p>Að veita öryggi  Að veita ást og umhyggju  Að kenna aga  frumábyrgð á uppeldi  Að setja mörk  Að styðja skólann við að setja mörk  Að fylgast með skólastarfi  Að innræta virðingu fyrir öðrum  Að efla ábyrgðarkennd nemenda  Að tala jákvætt um skólann  Að stuðla að heilbrigði  Að sjá til þess að nemendur mæti með rétt gögn og á réttum tíma  Að fylgjast með heimanámi  Að veita nauðsynlegar upplýsingar  Að setja viðmið um framkomu á samskiptamiðlum  Að innræta víðsýni og jafnrétti  Að halda útivistarreglum</p>	<p>Að veita öryggi  Að sýna nemendum áhuga  Að halda aga  Að kenna og fræða  Að kenna gildi  Að setja mörk  Að þjálfra félagsfærni  Að taka á ágreiningsmálum  Að sporna við einelti  Að vera vinnustaður  Að fylgjast með líðan nemenda  Að veita nauðsynlegar upplýsingar  Að kenna vinnubrögð  Að tryggja lögbundna viðveru og kennslu á skólatíma  Að hafa nám og námsumhverfi áhugavert, hvetjandi og skemmtilegt  Að stuðla að jafnrétti  Að þroska nemendur á jákvæðan hátt  Að koma til móts við þarfir nemenda  Að byggja upp gott samstarf við heimilin</p>

Hlutverk heimila er ekki	Hlutverk skóla er ekki
<p>Að tala illa um skólann  Að leggja inn námsefni  Að stjórna skólanum  Að beita ofbeldi  Að skipuleggja skólastarf  Að dæma  Að ætlast til að allt nám og öll þekking sé á ábyrgð skóla</p>	<p>Að bera ábyrgð á uppeldi nemenda  Að innræta lífsskoðanir  Að beita ofbeldi  Að bera ábyrgð á stundvísi nemenda  Að vera geymsla  Að dæma  Að útvega nesti og fatnað</p>



Menntun

Menntun

Gleði

Umhyggja

Created with

**nitroPDF** professional

[download the free trial online at nitropdf.com/professional](https://www.nitropdf.com/professional)